

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 592/1989 fyrir Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

26. gr. orðist svo:

Komi til þess, af hvaða ástæðum sem er, að sjálfseignarstofnun þessi verði lögð niður og engin önnur stofnsett með sama hlutverk, eða svipað, af eða í samvinnu við stofnanda samkvæmt 1. gr. eða fulltrúaráð samkvæmt 20. gr., skal stjórn stofnunarinnar ráðstafa eignum hennar að fengnu samþykki tveggja þriðju hluta fulltrúaráðs.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Listasafn Sigurjóns Ólafssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 4. mars 2011.

F.h. sýslumanns,

Birkir Már Magnússon.

Björn Ingi Óskarsson.